

Fundur 8.4.2024 Chen Li. Var uppi fyrir 500 árum í Kína.

Heilsa ég ykkur, komið þið öll blessuð og sæl.

*Gott kvöld og sæll vertu.*

Tölum við til ykkar úr stórrí stöð að vanda og eru það misjafnar orkutegundirnar og orkan sem fylgir samböndunum og verðum við að stilla ykkur að nýju fyrir okkar samband og vona ég að þið njótið góðs af hér í kvöld.

Og höfum við oft í okkar sambandsstöð verið fengin til að lægja öldurnar í okkar þjóðfélagi og koma fólki til að vinna saman og skipti ég með mér verkunum og sinni ég mínu forna fagi þegar ég er ekki að magna til sambands og tala yfir geimdjúpið.

Talaði ég til ykkar áður og vona ég að vel gangi og koma upp orku og mögnun, við töluðum mikið um friðinn og kærleikann síðast þegar ég var í sambandinu og vil ég halda þar áfram, þar sem frá var horfið.

Og ekki eru það sömu orkutegundirnar sem fylgja okkur og síðasta sambandi og höfum við reynt að samstillast forfeðrum okkar sem uppi voru þúsundum árum á undan okkur og höfum við kappkostað að njóta þess styrks sem þeim fylgir.

Og samfélag okkar á jörðinni var lengi þeirrar gæfu aðnjótandi að hefðir réðu þar miklu og alþýða manna var sömu lögmálum tengd og sömu kennisetningum okkar fornu spekinga og samstillti það þjóð mína mikið á jörðinni.

Hef ég ekki verið nærstaddur á jörðinni ykkar gömlu um langt skeið en hef ég skynjað það með fjarskynjun og frásögnum þeirra sem nýkomnir eru frá ykkar frumlífs jörð að samfélag okkar sé að breytast og færast í vestrænu áttina og kann ég því ekki vel, hef ég af því áhyggjur.

Því er það mikilvægt að við höldum boðun okkar fornu meistara á lofti á þessari framlífs jörð og missum ekki af henni, heldur höldum því að unga fólkinu sem er nýkomið og fæðist meðal okkar einnig.

Ber ég enn jafn mikla virðingu fyrir forfeðrum mínum og formæðrum og þegar ég var á jörðinni, og er sú virðing jafnvel meiri.

Hér í framlífi, eftir að ég hef talað við þau í sambandsfundum okkar og átt við þau góð samskipti og þekki þau nánar en áður.

Veit ég það með vissu að hin Íslenska þjóð myndi aukast af visku og kærleika og mætti ef hún myndi læra að meta fyrri kynslóðir meira, forfeður sína og formæður og vissi með vissu að þau eru lífandi á öðrum hnöttum í framlífi og hefðu við þau nánari samskipti.

Það hefur verið ógæfa og böll Norrænu og Germönsku þjóðflokka að dreifast yfir mörg landssvæði og taka upp trú annarra þjóðflokka og þjóða og eiga ekki nægan náungakærleika til sambræðra og systra og eiga í of miklum deilum.

Veit ég að meistari ykkar margra og hinnar Gyðinglegu ætta, hélt fram gildi kærleiks boðskapsins, en það er annað, það er sitt hvort að trúa því og gegna, heldur en að leitt það sé í landsins lög og kirkjur landsins boði það.

En vonum við engu að síður að ykkar Íslenska þjóð taki við sér og aukist að mætti og kærleika og visku í framtíðinni, bindum við, við það miklar vonir.

Já ég hef talað við ykkur einu sinni áður, en ekki gat ég komið að öllum þeim atriðum sem ég vildi, hef ég hér í kvöld einnig ýmislegt að segja um náttúruvísindi og erum við hér stödd á jarðneskum hnetti vissulega, verð ég að koma að því síðar, orkan fer nú dvínandi, Chen Li er nafn mitt.

Var ég uppi fyrir 500 árum í Kína og hef ég gengt ýmsum störfum í framlífi, eins og að sinna yfirmannsstöðu í stjörnusambandsstöð þessari, en fer ég þó til hrísgrjónaræktar minnar í hverri einustu viku og fæ þar hugarró og íhuga og magnast af jörðinni og náttúrunni.

Eru það mörg atriðin sem ég vildi koma inn á, en læt ég þetta nægja að sinni, varð ég að undirbúa ræðu mína svo orkan færi ekki til spillis.

Vil ég gjarnan reyna að svara, kannski ef orkan leyfir, nei það er ekki orka til að halda áfram meira, ég þakka fyrir mig og kveð ég ykkur og þakka ég kærlega fyrir sambandið og óska ég ykkur góðs og þjóð ykkar.

Þakka ég fyrir mig og vona að samskiptin eflsit þjóðanna á milli, verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir þína góðu ræðu og vertu sæll.*